

# Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XXXI. árg.

1950.

Miðvikudaginn 11. janúar 1950.

Nr. 146/1949. **Ákærvaldið** (Einar Ásmundsson)

gegn

**Kolbeini Stefánssyni**

og

**Kristjáni Thorberg Tómassyni**

(Egill Sigurgeirsson).

Brot á umferðarlögum, bifreiðalögum og áfengislögum.

## Dómur Hæstaréttar.

Gunnar Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Háttsemi ákærða Kolbeins Stefánssonar, sem lýst er í héraðsdómi, varðar við 2. mgr. 5. gr., 1. mgr. 23. gr., 26. og 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. og 2. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941, 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33/1935 og 49. gr. sbr. 84. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjakaupstað nr. 41/1928, og er refsing ákærða hæfilega ákveðin af héraðsdómara varðhald 15 daga. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna ber og að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Ákærði Kristján Thorberg Tómasson hefur, eins og í héraðsdómi greinir, brotið gegn ákvæðum 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna. Er refsing hans hæfilega ákveðin í héraðsdómi 450 króna sekt til Menningar sjóðs, og komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að í stað sektar ákærða Kristjáns Thorbergs Tómassonar komi varðhald 5 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu, Kolbeinn Stefánsson og Kristján Thorberg Tómasson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 18. ágúst 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn þeim Kolbeini Stefánssyni bifreiðarstjóra, Vesturvegi 16, Vestmannaeyjum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 frá 1935, bifreiðalögum nr. 23 frá 1941 og umferðarlögunum nr. 24 frá 1941 og fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Vestmannaeyjakaupstaðar frá 1928 til refsingar, ökuleyfisviptingar og sakarkostnaðargreiðslu og gegn Kristjáni Thorberg Tómassyni sjómanni, Garðsstöðum, Vestmannaeyjum, fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaganna til refsingar og sakarkostnaðargreiðslu.

Kærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Kærði Kolbeinn er fæddur 21. nóv. 1914 í Vestmannaeyjum og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1938 20/7 Sætt: 50 kr. sekt fyrir óleyfilegan bifreiðarakstur.

1939 20/10 Sætt: 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1940 2/2 Sætt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1942 16/3 Sætt: 175 kr. sekt fyrir ölvun við bifreiðarakstur.

1942 16/4 Sætt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1942 9/12 Sætt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1943 15/11 Dómur: 400 kr. sekt fyrir brot á 217. gr. hegningarlaganna. Hæstaréttardómur 17. maí 1944, 2 mánaða fangelsi fyrir brot á 217. gr. hegningarlaganna. Náðaður á ríkisráðsfundi 28. júní 1944 af forseta Íslands af refsingu samkvæmt hæstaréttardómi

17/5 1944 (2ja mánaða fangelsi) skilorðsbundið til 5 ára samkvæmt VI. kafla hegningarlaganna.

1944 7/5 Kærður fyrir áreitni við lögregluna. Felld niður samkvæmt fyrirælum dómsmálaráðuneytisins.

Kærði Kristján Thorberg er fæddur á Seyðisfirði og hefur sætt eftirlöðum kærur og refsingur:

1932 11/5 Sætt: 20 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt Vestmannaeyjakaupstaðar.

1941 9/5 Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1942 24/4 Sætt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1946 26/2 Sætt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og brot á lögreglusamþykkt Vestmannaeyja.

Samkvæmt eigin játningu kærðu og því, sem á annan hátt er sannað í málinu, eru málavextir þessir:

Seint að kvöldi þess 8. júní s. l. var Þráinn nokkur Sigtryggsson, Strandvegi 63, hér í bæ, sem borið hefur vætti í máli þessu, staddur á heimili sínu að Strandvegi 63. Heyrði þá vitnið hávaða utan frá, sem það taldi, að stafaði frá bifreiðaárekstri, og fór því strax út til þess að huga nánar að þessum atburðum. Þegar vitnið kom út, sá það bifreiðina V 33, þar sem hún stóð utan við veginn skammt til norðurs frá ljósastaur hjá gatnamótum Heiðarvegur og Strandvegur.

Tveir lögregluþjónar, þeir Pétur Stefánsson og Óskar P. Einarsson, komu á vettvang, skömmu eftir að áreksturinn varð, og lýsa þeir stöðu bifreiðarinnar þannig, að hún hafi verið utan við veginn (Strandveg), þannig að afturendi hennar sneri í áttina til norður-götubrunar. Eftir afstöðumynd, sem lögð hefur verið fram í málinu, að dæma og af því, sem ráða má af framburði vitnisins Óskars P. Einarssonar, virðist bifreiðinni hafa verið ekið í umrætt sinn með allmiklum hraða, og hefur hún um leið og hún rakst í ljósastaurinn kastast frá honum og norður fyrir Strandveginn og staðnæmzt fyrir norðan veginn í nokkurri fjarlægð frá staurnum, eins og afstöðumyndin nánar sýnir. Kærði Kolbeinn viðurkennir í réttarhaldi þann 10. júní s.l. að hafa ekið bifreiðinni „á hraðri ferð“ í umrætt skipti, og gizkar hann þá á, að hraði hennar hafi verið 30 km pr. klst.

Strandvegur og Heiðarvegur eru mjög breiðar götur, og er umferðarþrymi þarna því mikið, og ekkert er upp komið í málinu, sem bendir til þess, að önnur ökutæki eða yfirleitt nein önnur umferð hafi verið þarna á gatnamótunum, er áreksturinn varð, sem kærði Kolbeinn hafi þurft að gjalda varhuga við í sambandi við akstur bifreiðar sinnar.

Ljósastaur sá, sem bifreiðin kastaðist á, skemmdist ekkert við áreksturinn og ekki heldur rafmagnstaugar, sem tengdar eru í hann.

Í fyrsta réttarhaldi yfir kærða Kolbeini hinn 10. júní s.l. játaði hann að hafa verið undir áhrifum vins, er hann ók bifreiðinni í umrætt skipti og áreksturinn varð.

Vitnið Þráinn Sigtryggsson, sem fyrstur kom á vettvang eftir áreksturinn, hefur borið það fyrir rétti, að hann hafi þá „merkt vín“ á kærða

Kolbeini. Sem nánari lýsingu á ölvunareinkennum kærða Kolbeins í umrætt skipti segir vitnið í réttarhaldi þann 16. þ. m., að Kolbeinn hafi verið þrútin í andliti, mikið fum á honum og að hann hafi verið linmæltari en venjulega. Hins vegar fann vitnið ekki vínlykt af kærða og heldur ekki telur það, að hann hafi reikað í spori.

Aðdragandanum að áfengisneyzlu sinni umræddan dag lýsir kærði Kolbeinn á þá leið, að hann hafi kl. að ganga 10 um kvöldið þann 8. júní s.l. ekið upp fyrir bæinn upp að Viðivöllum með vörur úr verzlun Helga Benediktssonar kaupmanns, en bifreiðin V 33 er lítil sendiferðabifreið. Við Viðivelli kveðst kærði Kolbeinn hafa hitt meðkærða Kristján Thorberg, sem hafi þá haft í fórum sínum brennivinsflösku, sem hafi verið þá um það bil hálf.

Hefur kærði Kolbeinn skýrt svo frá fyrir rétti hinn 16. þ. m., að meðkærði Kristján hafi boðið honum að neyta vins úr flöskunni og lagt að honum að drekka úr henni. Segir hann, að þeir hafi síðan drukkið í samningu meginhlutann af því, sem var í flöskunni, er þeir hittust, og drukku þeir áfengið inni í stýrishúsi bifreiðarinnar við Viðivelli, áður en kærði Kolbeinn ók bifreiðinni til baka til bæjarins.

Dómarinn lætur þess getið, að Viðivellir séu utantil við bæinn og taldir vera í ca 500 metra fjarlægð frá miðhluta hans.

Þegar bifreið kærða Kolbeins lenti á ljósastaurnum um kl. 23.00 að kvöldi þess 8. júní s.l., telur Kolbeinn, að lítil lögg hafi verið eftir á flöskunni, en meðkærði Kristján Thorberg segir, að hann hafi þá ekkert vín haft meðferðis. Ekki verður þó byggt á skýrslu meðkærða Kristjáns um þetta atriði, þar sem hann hefur ekki neitað því að hafa veitt kærða Kolbeini vín um kvöldið, en segir, að þetta geti vel hafa verið, þó að kærði myndi það ekki við yfirheyrsluna, enda skýrði hann frá því í réttarhaldi hinn 15. þ. m., að hann hafi verið orðinn „dauðadrukinn“, er leið á daginn þann 8. júní s.l., og virðist hann hafa misst minni fyrir ofurólvi þá um eftirmiðdaginn og eigi raknað við sér fyrr en við höfuðhögg, sem hann hlaut við það, að bifreiðin rakst á ljósastaurinn.

Kærði Kolbeinn og meðkærði Kristján bera það samhljóða, að enginn hafi verið viðstaddur samdrykkju þeirra eða áfengisneyzlu umræddan dag.

Kærði Kolbeinn segir í réttarhaldi 3. þ. m., að hann hafi ekið frá Viðivöllum fyrst um Helgafellsbraut, síðan Ásaveg, Hvítungatráðir, Hásteinsveg og Heiðarveg, en verið að beygja inn eða austur Strandveg af Heiðarvegi, er áreksturinn á ljósastaurinn varð.

Loks er það upp komið í málinu samkvæmt eigin játningu kærða Kolbeins, að hann hafi ekið bifreiðinni V 33 allan daginn frá hádegi þann 8. júní s. l. með óvirkan hægrihjólahemil.

Kærði Kolbeinn hefur með því að aka bifreið undir áhrifum áfengis gerzt brotlegur við eftirgreind lagaákvæði: 23. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941, 21. gr. áfengislaganna nr. 33 frá 1935 og 4. gr., 2. mgr. umferðarlaganna nr. 24. frá 1941 með því að aka bifreiðinni með óvirkan hægri hemil.

Loks hefur kærði Kolbeinn gerzt brotlegur við 49. gr. lögreglusamþykkt-

ar Vestmannaeyjakaupstaðar frá 1928 og 4. gr., 5. og 6. mgr., umferðarlaganna nr. 24 frá 1941 með því að aka bifreiðinni á meiri hraða en leyft er í lögreglusamþykktinni og meiri hraða en svo, að kærði gæti stöðvað bifreiðina nægilega fljótt, svo sem skylt er samkvæmt nefndu ákvæði umferðarlaganna.

Þykir refsing kærða Kolbeins hæfilega ákveðin með vísun til 38. gr. bifreiðalaganna og 39. gr. áfengislaganna, 14. gr. umferðarlaganna og 84. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyjakaupstaðar og með tilliti til þess, að kærði hefur 7 sinnum sætt sekt, m. a. fyrir ölvun við bifreiðaaakstur á tímabilinu frá 1938—1943, 15 daga varðhald.

Kærði hefur samkvæmt framlögðu hegningarvottorði áður gerzt sekur um að aka bifreið ölvaður, og með tilliti til þess, sem og hve oft kærði hefur áður gerzt sekur við landslög, þykir ekki verða hjá því komizt með vísun til 39. gr. laga nr. 23 frá 1941 að svipta hann ökuleyfi ævilangt.

Kærði Kristján Thorberg Tómasson veitti kærða Kolbeini áfengi það, sem hann neytti að kvöldi þess 8. júní s.l., rétt áður en kærði Kolbeinn ók bifreiðinni til bæjarins. Hefur kærði Kolbeinn borið það fyrir rétti hinn 3. þ. m., að meðkærði Kristján Thorberg hafi, er Kolbeinn kom að Viðivöllum margnefnt kvöld, beðið hann að aka sér í bæinn. Í sama réttarhaldi skýrir kærði Kolbeinn frá því, að meðkærði Kristján Thorberg hafi þá haft í fórum sínum um það bil hálfu flösku af brennivíni og að hann hafi haldið víninu að kærða Kolbeini. Í réttarhaldi 16. þ. m. tekur kærði Kolbeinn það enn fremur fram, að meðkærði Kristján Thorberg hafi boðið sér áfengi úr flösku hans og haldið að sér að neyta áfengis úr flösku hans.

Loks heldur kærði Kolbeinn því fram, að hann og meðkærði Kristján hafi í sameiningu drukkið meginhlutann af því, sem í flöskunni var, er þeir hittust að Viðivöllum. Meðkærði Kristján Thorberg var í réttarhaldi hinn 16. þ. m. ýtarlega spurður, hvort þessi skýrsla kærða Kolbeins væri rétt. Segir meðkærði Kristján Thorberg, að vel geti verið, að hann hafi í umrætt skipti boðið og jafnvel haldið að kærða Kolbeini áfengi, en um þetta muni hann ekki fyllilega, þar sem hann hafi þá verið orðinn ofurölvi.

Með vísun til framanskráðs telur rétturinn nægilega sannað, að meðkærði Kristján Thorberg hafi veitt kærða Kolbeini áfengi, er hann var við starf sitt sem bifreiðarstjóri, og ber að álitu réttarins að heimfæra þetta brot kærða Kristjáns Thorbergs undir 21. gr., síðustu mgr., áfengislaganna nr. 33 frá 1935. Þykir refsing kærða Kristjáns Thorbergs með vísun til 39. gr. áfengislaganna og með hliðsjón af lögum nr. 14 frá 1948 hæfilega ákveðin kr. 450.00 sekt til Menningarsjóðs, og komi í stað sektarinnar 7 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Rétt þykir eftir atvikum, að kærðu greiði allan sakarkostnað in solidum.

Dómarinn lætur þess getið, að er hann tók við dómaraembættinu hinn 1. þ. m., hafi aðeins verið lokið við tvö stutt réttarhöld hinn 10. júní s.l. yfir kærða Kolbeini og vitninu Þráni Sigtryggssyni. Er dómarinn varð

Þess áskynja hinn 3. þ. m., að ökuskrifteinið hafði eigi verið tekið af kærða Kolbeini til bráðabirgða, gerði hann ráðstafanir til þess, að hann væri sviptur því samdægurs, og var það gert, eins og próf málsins bera með sér, og reyndist skirteinið í gildi. Strax og aðrar enn meira aðkallandi embættisannir leyfðu, lét dómarrinn halda áfram rannsókn málsins með réttarhöldum þann 15., 16., 17. og 18. ágúst. Í dag var svo kveðinn upp dómur í málinu. Dómarrinn telur því, að málið hafi verið rekið vítalaust, eftir að hann tók við því.

Því dæmist rétt vera :

Kærði Kolbeinn Stefánsson sæti varðhaldi í 15 daga.

Kærði Kristján Thorberg Tómasson greiði kr. 450,00 í sekt til Menningarsjóðs, og komi í stað sektarinnar 7 daga varðhald, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði Kolbeinn Stefánsson skal sviptur bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.

Kærðu greiði allan kostnað sakarinnar in solidum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. janúar 1950.

Kærumálið nr. 20/1949.

**Ágúst Jónsson**

gegn

**Hannesi M. Þórðarsyni og Sigrúnu Jónsdóttur**

Um nauðsyn sáttaumleitunar.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Með kæru 29. nóv. f. á., er hingað barst 14. f. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. og 186. gr. laga nr. 85/1936 kært dóm bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 28. nóv. s.l., þar sem máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum var ex officio vísað frá dómi.

Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til munnlegs málflutnings af nýju og varnaraðiljum verði in solidum dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.